

Ársskýrsla

2017

Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi

Sími: 560 2030
Kennitala: 641199-2579

Tryggvagötu 13
800 Selfossi

fraedslunet@fraedslunet.is
www.fraedslunet.is

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Mannauður	2
Aðstaða	4
Fræðslustarfsemi á árinu	5
Námsráðgjöf og raunfærnimat	9
Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir	10
Önnur starfsemi	12
Rekstur	14
Gæðastarf og stefnumótun	16

Inngangur

Starfsemin árið 2017, sem er átjándi starfsár Fræðslunetsins, var í flestu keimlík þeirri sem verið hefur. Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu starfsþætti í starfinu og minnst á þær breytingar sem hafa átt sér stað.

Umsjón og ábyrgð með ársskýrslu þessari hefur haft Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

Mannauður

Stjórn

Stjórnin Fræðslunetsins er óbreytt frá fyrra ári og skipuð eftirtöldum fulltrúum eigenda:

- Sigursveinn Sigurðsson, formaður (kosinn af Fjölbrotaskóla Suðurlands)
- Laufey Ósk Magnúsdóttir, varaformaður (kosin af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Elín Einarsdóttir (kosin af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Stjórnin fundaði alls fjórum sinnum á árinu og voru allir fundirnir á Selfossi.

Starfsmenn 01.12.17

Eyjólfur Sturlaugsson	Framkvæmdastjóri	100 %
Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir	Verkefnastjóri/staðgengill framkv.st.	100 %
Sandra D. Gunnarsdóttir	Verkefnastjóri	50 %
Eydís K. Guðmundsdóttir	Náms- starfsráðgjöf/verkefnastjóri	100 %
Lilja Össurardóttir	Verkefnastjóri	100 %
Otto Valur Ólafsson	Verkefnastjóri	50 %
Eyrún U. Guðmundsdóttir	Verkefnastjóri	100 %
Oddný Gísladóttir	Þjónustufulltrúi	100 %
Sólveig Kristinsdóttir	Náms- starfsráðgjöf /verkefnastjóri	90 %
Viktor Valur Carlsen	Stuðningsfulltr. með kvöldumsjón	45 %
Sigríður E. Kristinsdóttir	Þrif	30 %
<u>Áslaug Einarsdóttir</u>	<u>Verkefnastjóri</u>	<u>50 %</u>
	Samtals stöðugildi:	9,15

Starfsmannahald

Sandra Gunnarsdóttir ákvað að fara í nám á árinu og fór úr 100% stöðuhlutfallin niður í 50% þann 1. september. Í hennar stað var ráðinn Ottó Valur Ólafsson viðskiptafræðingur, en hann hafði kennt hjá Fræðslunetinu árum saman.

Nína Sybil Birgisdóttir verkefnastjóri á Höfn (25%) sagði upp störfum og hætti í júní. Eyrún Unnur Guðmundsdóttir verkefnastjóri á Höfn bætti við sig hlutfalli og fór úr 80% í 100%.

Allir starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtal hjá framkvæmdastjóra í febrúar og mars og haldnir voru alls fimm starfsdagar þar sem allir starfsmenn mættu saman til stefnumótunar, greiningarvinnu og samráðs.

Áfram var unnið að uppbyggingu starfsmannahandbókar og voru á árinu m.a. lagðar línur varðandi meðferð tölvupósta og ferðalög starfsmanna.

Endurmenntun

Starfsmenn Fræðslunetsins sinntu áfram því hlutverki á árinu 2017 að uppfæra þekkingu sína en afar rík hefur er fyrir virkri endurmenntun innan starfsmannahópsins.

Fulltrúar frá Fræðslunetinu fóru á flest þau málþing og ráðstefnur sem í boði voru fyrir fólk í fullorðinsfræðslu á Íslandi árið 2016. Þá fóru nokkrir starfsmenn erlendis í fræðslu- og samstarfsferðir í tengslum við verkefni sín og störf.

Verktakar í kennslu

Eins og áður var nánast öll kennsla og fræðsla Fræðslunetsins mönnum með verktökum. Alltaf var leitast við að ráða til kennslu kennaramenntað fólk við námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og allt lengra nám. Við styttri námskeið eins þau sem snúa að starfsþróun (núvitund, sjálfstyrking og fl.) voru valdir sérfræðingar á tilteknu sviði til kennslunnar.

Litlar breytingar eru á milli ára í hópi verktaka sem kenna fyrir Fræðslunetið. Margir kennarar í verktöku hafa unnið hjá Fræðslunetinu árum saman og eru fræðslumiðstöðinni afar dýrmætir.

Aðstaða

Húsnæði

Eitt af megin hlutverkum Fræðslunetsins er að þjóna öllu Suðurlandi. Landshlutinn er stór og engin annar fræðsluaðili í framhaldsfræðslunni á landsvísu hefur jafnstórt þjónustusvæði. Til þess að getað sinnt fræðslustarfi í öllum landshlutanum hefur Fræðslunetið komið sér upp starfsstöðvum og námsverum auk þess að vera með samninga við fjölda aðila, sem leigja húsnæði. Mannaðar starfsstöðvar Fræðslunetsins eru nú fjórar; á Selfossi, á Hvolsvelli, í Vík og á Höfn.

Vinnuaðstaða nemenda og starfsmanna Fræðslunetsins í húsakynnum þess er almennt góð eða mjög góð.

Á árinu var ráðist í endurnýjun húsbúnaðar og annars búðnaðar í námsveri Fræðslunetsins í Nýneimum á Höfn.

Búnaður

Á árinu 2017 hófst brýn endurnýjun á tölvukosti Fræðslunetsins. Keyptur var fartölvuvagn og mjög vandaðar fartölvur í hann; alls 16 stk. Vagnin leysti þar með af hólmi 7 og 8 ára gamlar nemendatölvur á Selfossi. Þá voru 14 nemendatölvur uppfærðar með minni og nýjum diskum.

Þá hélt áfram endurnýjun á aðbúnaði starfsmanna og voru keyptar tvær nýjar fartölvur, tveir nýjir sjáir og nokkrir bluetooth hátalarar. Alls var fjárfest í tölvubúnaði ýmiskonar fyrir um það bil þrjár milljónir.

Á hugbúnaðarsviðinu bar mest á innleiðingu á nýju skráningarkerfi fyrir fræðslustarfsemina. Hætt var að nota Myschool kerfið og INNA innleidd. INNA er það kerfi sem framhaldskólarnir nota og getur Fræðslunetið nú skráð þar inn þær framahaldsskólalæiningar sem nemendur ljúka í námi sínu.

Símamál hafa verið Fræðslunetinu kostnaðarsöm og erfið á árinu. Er nú svo komið að Fræðslunetið hefur hætt að nota fastsímabúnaðinn á Vík sem tengir útstöðina við símkerfið. Verkefnastjóri þar er núna með GSM síma.

Fræðslustarfsemi á árinu

Árið 2017 var líflegt í fræðslustarfsemi og hugsanlega það besta í sögu Fræðslunetsins. Aukning var á flestum sviðum en þó mest í námskeiðum sem tengjast fyrirtækjaþjónustu ýmiskonar en einnig óx eftirspurn eftir námskeiðum sem tengist starfsendurhæfingu.

Ár	Fjöldi			Meðaltal
	Námskeið	Námsmenn	Nemenda- stundir	Fjöldi í náms hópi
2013	177	1.552	53.587	8,8
2014	167	1.584	52.226	9,5
2015	149	1.316	53.587	8,8
2016	100	1.140	53.295	11,4
2017	183	1.680	78.902	9,2

Taflan sýnir greinilega mun betri útkomu í heild sinni í fræðslustarfseminni þetta árið en árin á undan, en geta verður þess að árið 2016 var óvenju lélegt hvað þetta varðar.

Íslenska fyrir útlendinga

Að venju var kennsla í íslensku fyrir útlendinga umfangsmikil í starfseminni. Aðsókn að námskeiðum var góð og eftirspurnin fór vaxandi þegar leið á árið. Námskeið voru haldin vítt og breitt um starfssvæðið; á Selfossi, í Þorlákshöfn, í Reykholti, í Rangárþingi, í Vík, á Klaustri, í Örfum og á Höfn.

Ár	Fjöldi		Meðaltal
	Námskeið	Nemendur	Fjöldi í náms hópi
2013	19	172	9,1
2014	27	271	10,0
2015	26	258	9,9
2016	25	272	10,9
2017	27	286	10,6

Íslenska var í nokkrum tilvikum kennd á vinnustað og hefur eftirspurn eftir slíkri útfærslu aukist. Hinsvegar er mikið brottfall í íslensku kenndri á vinnustað áhyggjuefni.

Námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Samningur milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fræðslunetsins fyrir árið 2017 hljóðaði upp á 35.170.000 kr. Í lok ársins fékk Fræðslunetið viðbót uppá 990.000 kr. Fræðslunetinu tókst að standa við samninginn og nýtti allt sitt fé en vegna brottfalls þurfti félagið að skila viðbótinni í ársbyrjun 2018. Námsbrautir sem kenndar voru á árinu eru eftirfarandi:

Heiti námskeiðs	kest.	Alls hófu nám	Alls luku námi	Brottfall %
Vor 2017				
Félagliðabré - fjarnám	158	20	16	20%
Menntastoðir - dreifnám	330	15	13	13%
Grunnmenntaskóli - Höfn	150	10	9	10%
Grunnmenntaskóli - Selfoss	143	14	9	36%
Grunnnámsk. fyrir fiskvinnslufólk - Höfn	75	29	28	3%
Meðferð matvæla - Hvolsvelli	60	17	16	6%
Stuðningsfulltrúa- og leikskólaliðabré	142	12	10	17%
Skref til sjálfshjálpar	60	7	7	0%
Skrifstofuskólinn	240	28	20	29%
Samtals:	138	152	128	15%
Haut 2017				
Fagnámskeið starfsmanna leikskóla	106	10	8	20%
Félagliðabré	128	17	11	35%
Leikskóla- og stuðningsfulltrúabré	120	21	18	14%
Fagnám í umönnun fatlaðra	60	29	22	24%
Menntastoðir	330	23	17	26%
Samtals:	744	100	76	24%
Samtals:	2.446	252	204	19%

Eins og sést á yfirlitinu þá er afar misjafnt eftir brautum hversu mikið brottfallið er. Meðalbrottfall af námsbrautum FA er um 20 % og hefur hækkað um 2% frá fyrra ári. Námsmönnum útskrifuðum af námsbrautum FA hefur hinsvegar fjölgað milli ára; eða úr 185 í 204, sem er 9,3 %

Námskeið fyrir fatlað fólk

Námskeið fyrir fatlað fólk er ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Námskeiðin eru haldin á Selfossi, í Vík og á Höfn. Nokkuð jöfn ásókn er í námskeiðin og nær framboðið að sinna eftirspurn á svæðinu vel. Markhópurinn á Suðurlandi er að eldast og þarf hann því meiri stuðning, sem takmarkar nokkuð fjölda á hvert námskeið.

Ár	Fjöldi		Nemenda- stundir
	Námskeið	Nemendur	
2013	54	194	3.844
2014	44	153	2.386
2015	44	144	2.725
2016	39	135	2.523
2017	39	127	2284

Framlag frá Fjölmennt til kennslunar hefur ekki fylgt verðþróun undanfarinna ára og staðið í stað. Það hefur leitt til þess að framlagið dekkar tæplega lengur allan kostnað við námskeiðin og þau því orðin Fræðslunetinu dýrari en áður.

Endurhæfingar- og virkninámskeið

Undanfarin ár hafa ýmiss námskeið ætluð einstaklingum, sem þurfa ýmiss úrræði til að verða virkir í samfélaginu, verið ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Fræðslunetið hefur staðið að hönnun slíkra námskeiða fyrir þjónustuþega frá Birtu starfsenduhæfingu, VIRK og Vinnumálastofnun. Þrátt fyrir gott atvinnuástand hefur aukist þörf fyrir slík námskeið og eftirspurn því á uppleið fremur en hitt.

Ár	Fjöldi	
	Námskeið	Námsmenn
2013	3	29
2014	11	120
2015	15	147
2016	14	150
2017	12	199

Önnur fræðsla

Aðeins örfá tómsundarnámskeið voru kennd enda yfirlýst stefna Fræðslunetsins að draga sig út úr vinnu við þau.

Snemma ársins hófst fræðsla fyrir flóttamenn frá Sýrlandi, sem höfðu flutst til Hveragerðis og Selfoss í lok árs 2016. Varð sú kennsla nokkuð umfangsmikl fram á vorið og var kennd íslenska og samfélagsfræði. Kennslan fór fram í Fjölheimum. Til stóð að framhald yrði á kennslunni um haustið en sveitarfélögin, sem stóðu að komu flóttamannana, töldu sig þegar til kom, ekki hafa nægilegt fjármagn til að kosta hana.

Talsverð þjónustutengd fræðsla fór fram í fyrirtækjum og er gert grein fyrir henni í kaflanum; þjónusta við fyrirtæki og stofnanir.

Námsráðgjöf og raunfærnimat

Námsráðgjöf

Námsráðgjöf var með svipuðum hætti og áður. Þó bar þar til nýbreytni að nú var unnið samkvæmt nýrri flokkun viðtala frá FA. Þessum breytingum fylgdi m.a. að nú var akstur námsráðgjafa greiddur sérstaklega og kom það sér vel vegna tíðra ferða á Höfn. Fjöldi viðtala reyndist þegar upp var staðið vera met. Aldei hafa verið skráð jafnmörg viðtöl hjá Fræðslunetinu en árið 2017.

Ár	Ráðþegar
2012	622
2013	657
2014	738
2015	417
2016	623
2017	739

Raunfærnimat

Raunfærnimat var umfangsmikið á árinu þótt ekki yrði það til jafns við fyrra ár. Færa má fé til raunfærnimats milli ára samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og veldur það nokkrum sveiflum.

Ár	Fjöldi	
	Nemendur	Einingar
2013	14	264
2014	112	2.072
2015	47	1.725
2016	77	2.434
2017	24	270

Samkvæmt yfirliti frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er Fræðslunetið nú orðinn næststærst í raunfærnimati af fræðslumiðstöðvunum.

Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Fræðslunetið gerði á haustdögum samstarfssamning við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar. Í samningnum tekur Fræðslunetið þátt í þróunarverkefni, sem fellst í því að árangursmeta þarfagreint nám hjá ferðaþjónustuaðilum. Áætlað er að verkefnið standi til ársloka 2019.

Ávinningur Fræðslunetsins getur orðið talsverður hvað varðar reynslu og þekkingu í þjónustu við ferðaþjónustufyrirtæki og einnig getur orðið um fjárhagslegan ávinning að ræða.

Fræðslustjóri að láni

Tvö ný verkefni fóru af stað á árinu. Skaftárhreppur og Félagsþjónustua Árborgar undirrituðu samninga við Fræðslunetið og starfsmenntasjóði. Þá tók Fræðslunetið að sér að framfylgja fræðsluáætlun hjá ferðaþjónustuklasanum í Hveragerði. Verkefninu hjá Skaftárhreppi lauk á haustdögum.

Í lok árs lág fyrir að fjórir nýjir samningar um að “Fræðslustjóri að láni” verkefnið yrðu gerðir í ársbyrjun 2018. Allt stefnir því að greining fræðsluþarfa fyrir fyrirtæki og stofnanir sé vaxandi þjónusta í starfsemi Fræðslunetsins, sem komin er til að vera.

Notendaráð

Sameiginlegt svæðisráð um málefni fatlaðra í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu óskuðu eftir því við Fræðslunetið að það hefi utnumhald um notendaráð fatlaðra á svæðinu. Um varð að ræða þjálfun og námskeiðshald fyrir ráðið auk þess að halda utan um fundi þessi. Gerður var samningur tileins árs um verkið.

Umsjón Fræðslunetsins með notendaráði hefur verið skemmtileg viðbót við starfsemi þess.

Ýmiss námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir

Fræðslunetið hannaði ýmiss sértæk námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu. Þar ber hæst ýmiss námskeið fyrir aðila í ferðaþjónustu en einnig fyrir stofnanir.

Árið 2017 einkenndist af mjög mikilli aukningu á ýmiskonar samskiptum og þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Almennt er það mat starfsfólks Fræðslunetsins að vinnan með fyrirtækjum og stofnunum skili ýmiskonar verðmætum afurðum til Fræðslunetsins. Þar ber hæst:

- Starfið með fyrirtækjum og stofnunum bætir ímynd Fræðslunetsins og orðspor.
- Vinna með fyrirtækjum og stofnunum er góð kynning og sparar auglýsingakostnað.
- Þjónustan við fyrirtæki og stofnanir býr til þekkingu innan Fræðslunetsins, sem ekki fæst með öðrum hætti.
- Þótt unnið sé með fyrirtækjum og stofnunum á þeirra forsendum starfa þar alltaf einstaklingar. Þessir einstaklingar leita sér í kjölfar vinnunar ráðgjafar, sjá möguleika á raunfærnimati og skrá sig á námsbrautir FA.

Önnur starfsemi

Vísindasjóður

Úthlutun ársins 2017 var með mesta móti eða alls 1.500.000 kr. Ástæða þessarar aukningar á milli ára má þakka nýjum styrktaraðilum, sem aflað var síðasta ár. Nú hefur sjóðurinn meira til úthlutunar hvert ár. Úthlutað var til styrkja á rannsóknum til meistara- og doktorsgráðu og rannsóknarverkefni fjalla, eins og áður, um sunnlensk fyrirbæri.

Umsóknum í sjóðinn heldur, af einhverjum ástæðum, áfram að fækka milli ára. Það verður að teljast áhyggjuefni.

Erlent samstarf

Fræðslunetið sótti um einn styrk í Erasmus verkefni og fékk hann. Um er að ræða styrk til þess að leita samstarfs í Danmörku og Svíþjóð um gerð námsefnis í kynfræðslu fyrir fullorðið fatlað fólk.

Þróunarstarf

Vinna við þróunarverkefni voru með blómlegum hætti árið 2017. Fræðslunetið sótti um þrjá styrki í Þróunarsjóð Fræðslusjóðs atvinnulífsins og fékk þá alla. Verkefni eru eftirfarandi:

1. Þróun á starfstengdri íslensku. Markmiðið er að þróa leið til þess að kenna erlendu vinnuafla á dvalarheimili grunnatriði í íslensku með því að kenna því við vinnu sína.
2. Hæfnigreiningar í ferðaþjónustu. Markmiðið er að greina hæfni almennra starfsmanna í ferðaþjónustu með það að markmiði að smíða námskrá fyrir nýtt starfsheiti; ferðaliða.
3. Gerð rafræns námsefnis fyrir ferðaþjónustu. Markmiðið er að útbúa námskeið úr Ferðaþjónustufjarkanum þannig að þau verði rafræn.

Á sviði kennslu hefur verið í þróun dreifnáms og speglaðra kennsluhátta haldið áfram. Í kjölfar þessa hefur þörf fyrir aðstöðu til útbúa rafrænt námsefni og leiðbeiningar stóraukist. Í bígerð er að útbúa slíka aðstöðu í Fjölheimum.

Markaðs- og kynningarstarf

Verulega var unnið í markaðs- og kynningarmálum á árinu en þó með öðrum hætti en undanfarin ár. Fræðslunetið hefur fært sig jafnt og þétt frá prentuðu auglýsingaefni en lagt meiri og meiri áherslu á að nota rafræna miðla og heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir. Þessi áherslubreyting skilaði Fræðslunetinu fleiri námsmönnum og minni auglýsingakostnaði árið 2017. Helstu áherslur Fræðslunetsins í rafrænu markaðsstarfi er:

Rafræn markaðssetning:

- Fræðslunetið leggur mikla áherslu á lifandi og skilvirka heimasíðu þar sem upplýsingar um starfsemina koma fram. Nú hefur síðan einnig verið útbúin þannig að skrái námsmenn sig til náms á henni koma þeir sjálfvirkt inn í skráningarkerfi INNU. Heimsóknir á heimasíðuna 2017 voru rétt um 16.000.
- Fylgjendum Facebook síðunar fer jafnt og þétt fjölgandi og reglulega eru keyptar hjá Facebook auglýsingar. Fréttir og myndir úr starfinu birtast allar á síðunni. Fylgjendur síðunnar voru í árslok um 2.000.
- Á árinu var svo hleypt í loftið Instagram síðu, sem nú er í ræktun.

Heimsóknum vegna “Fræðslustjóri að láni” verkefnisins hefur fjölgað og þeim fylgja þarfagreiningar. Hverju slíku verkefni fylgir samræða við fjölda fólks; bæði stjórnendur og almenna starfsmenn. Allt þetta fólk kynnist Fræðslunetinu með einhverjum hætti.

Samstarfssamningur Fræðslunetsins við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar hefur leitt til fjölda heimsókna um allt Suðurland, sem hefur verið góð kynning fyrir Fræðslunetið.

Rekstur

Afkoma

Árið 2017 var rekið með lítilsháttar hagnaði. Rekstur ársins 2017 var nokkurn veginn í járnum þrátt fyrir verulegar auknar tekjur.

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	2016	2015
Rekstrartekjur:			
Framlög frá ríki, FA, námskeiðagjöld ofl....	171.615.754	157.105.625	164.111.723
Rekstrarkostnaður:			
Laun og tengd gjöld.....	91.479.658	85.976.821	83.185.070
Annar kostnaður vegna kennslu.....	46.277.912		
Húsnæðiskostnaður.....		12.096.582	14.183.731
Annar kostnaður.....		62.879.925	63.643.185
Rekstur skrifstofu og fasteignar.....	28.602.813		
Afskriftir.....	3.208.936	3.963.522	5.389.915
	<u>169.569.319</u>	<u>164.916.850</u>	<u>166.401.901</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....	2.046.435	(7.811.225)	(2.290.178)
Vextir, bankakostn. og fjármagnstekjusk....	(913.800)	(811.222)	(603.851)
Vaxtatekjur.....	1.614.833	2.188.687	1.766.199
	<u>701.033</u>	<u>1.377.465</u>	<u>1.162.348</u>
Rekstrarhagnaður (tap) ársins.....	<u>2.646</u>	<u>(6.433.760)</u>	<u>(1.127.830)</u>

Taprekstri síðastliðinna tveggja ára hefur nú verið snúið við. Viðsnúningurinn er uppá rúmar sjö milljónir.

Efnahagsreikningur

	2017	2016
EIGNIR:		
Fastafjármunir:		
Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld	5.959.453	6.101.783
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur.....	13.442.708	14.136.801
Verðbréf og eignahlutar.....	2.613.748	2.558.290
Handbært fé.....	41.526.988	39.319.265
EIGNIR ALLS:	63.542.897	62.116.139

Greining

Ljóst er að Fræðslunetinu tókst að auka tekjur talsvert frá fyrra ári og snúa taprekstri í lítilsháttar hagnað. Hækkun rekstrarkostnaðar má fyrst og fremst rekja til hækkunar launa og hækkunar á töxtum hjá verktökum.

Horfur

Helsti óvissuþáttur í rekstri Fræðslunetsins hefur verið aukaframlag frá Ríkinu upp á 10.000.000 kr. sem hefur fengist undafarin ár í gegnum umræðu um fjárlög í þinglegri meðferð. Blikur eru á lofti um að þetta framlag sé ekki lengur fyrir hendi. Ljóst er að Fræðslunetið nær ekki endum saman ef framlagið berst ekki.

Háskólafélagið hefur hætt rekstri á austursvæðinu og verður því allur launakostnaður starfsmanns þar 2018 greiddur af Fræðslunetinu. Er það ígildi 15% stöðugildis.

Að öðru leiti teljast rekstrarhorfur hagfeldar. Ásókn í fræðslu og þjónustu hefur sjaldan verið meiri.

Gæðastarf og stefnumótun

Evrópska gæðamerkið (EQM)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur nú aukið við vottunarkerkið EQM og bætt við það vottun á raunfærnimati og vottun á námsráðgjöf.

Árið 2017 hóf Fræðslunetið yfirferð á öllum gæðaferlum og lauk að mestu mati á þeim þá um vorið. Nú býður Fræðslunetið eftir að vera tekið í úttekt og vottum hjá EQM+.

Stefnumótun og greining

Allnokkur rýningarvinna og stefnumótun fór fram í ýmsum málaflokkum meðal starfsmanna á árinu. Stefnumótunin fór nær undantekningalaust fram á starfsdögum, sem urðu alls fjórir. Meðal þess sem var endurskoðað voru skilmálar við innheimtu, vinna við þróunarverkefni, notkun og vinna með upplýsingakerfi í Office 365 og fl.